



Hálf-kaskótrygging dráttarvéla til landbúnaðarstarfa

Vátryggingarskilmálar nr. BK45

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BK45.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Áhættubreyting
9. Samsömun
10. Útreikningur iðgjalds
11. Greiðsla iðgjalds
12. Endurgreiðsla iðgjalds
13. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess
14. Vátryggingarverðmæti
15. Eigin áhætta
16. Bætur fyrir algert tjón
17. Bætur fyrir tjón að hluta
18. Framsal
19. Tvítrygging
20. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin gildir fyrir dráttarvél sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi dráttarvélar er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í dráttarvélinni eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

- 3.1 Á Íslandi.

Vátryggingin gildir ekki:

- 3.2 Við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum réttra yfirvalda, eða við akstur yfir öbrúaðar ár.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á dráttarvélinni vegna:

- 4.1 Veltu og hrops. Vátryggingin nær einnig til landbúnaðartækja í eigu vátryggingartaka sem eru fasttengd við dráttarvélina, þegar hún veltur eða hrapar.

- 4.2 Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Auk skemmda á dráttarvélinni nær vátryggingin til skemmda sem samtímis verða á varahlutum og þeim fylgihlutum dráttarvélarinnar sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði hennar þegar tjónið varð, enda séu hlutir þessir þá í dráttarvélinni. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

- 4.3 Þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á henni.

Vátryggingin bætir einnig:

- 4.4 Brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum dráttarvélarinnar, þó ekki við úrtöku og ísetningu. Það telst ekki rúðubrot þótt flísist eða kvarnist úr rúðu eða hún rispast.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.5 Skemmdir vegna veltu eða hrops séu þær afleiðing áreksturs eða áaksturs.

- 4.6 Skemmdir er stafa af hvers konar náttúruhamförum, sbr.gr. 5.1. Þó bæstast skemmdir er verða ef dráttarvélin fýkur út af akbraut og veltur.

- 4.7 Skemmdir vegna veltu eða hrops og aðeins varða hjól og hjólbarða.

- 4.8 Skemmdir af eldsvoða af völdum áreksturs eða áaksturs.

- 4.9 Skemmdir á hreyfli vegna sprenginga í strokkum.



- 4.10 Þjófnað á einstökum hlutum dráttarvélarinnar.
- 4.11 Skemmdir sem verða á dráttarvélinni vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Ökumaður hinnar vátryggðu dráttarvélar skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka henni.
- 6.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun dráttarvélarinnar.
- 6.3 Dráttarvélin skal vera læst þegar enginn er í henni og geyma skal lykla á öruggum stað.
- 6.4 Ávallt skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda dráttarvélar um losun á farmi.
- 6.5 Ekki skal nota dráttarvélin til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.
- 6.6 Vátryggður skal viðhalda dráttarvélinni í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 6.7 Vátryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun dráttarvélarinnar og sjá til þess að hún uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.8 Vátryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður dráttarvélarinnar sé ávallt í lagi.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun dráttarvélarinnar breytist frá því sem kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á vátryggingaratburði lækki að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Samsömun

- 9.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinni vátryggðu dráttarvél.
- 9.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnanda hinnar vátryggðu dráttarvélar.

10. Útreikningur iðgjalds

- 10.1 Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun dráttarvélarinnar.
- 10.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

11. Greiðsla iðgjalds

- 11.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr.. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Endurgreiðsla iðgjalds

- 12.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 12.2 Félagið endurgreiðir ekki iðgjald þótt dráttarvélin hafi ekki verið í notkun og skrásetningarmerki hennar verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar.
- 12.3 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 12.1.

13. Eigendaskipti á dráttarvél eða afskráning hennar



Ef eigendaskipti verða að hinni váttrygðu dráttarvél, eða hún er afskráð, fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingar-atburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

14. Váttryggingarverðmæti

Váttryggingarverðmæti dráttarvélinnar er sú upphæð sem sambærileg dráttarvél að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

15. Eigin áhætta

- 15.1 Í tjónum sem getið er í gr. 4.1 ber váttryggður 50% eigin áhættu í hverju einstöku tjóni.
- 15.2 Í tjónum sem getið er í gr. 4.4 ber váttryggður 15% eigin áhættu í hverju einstöku tjóni.

16. Bætur fyrir algert tjón

- 16.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ef:
 - 16.1.1 Dráttarvélina verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við hana.
 - 16.1.2 Dráttarvélinni er stolið og hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn. Tilkynna ber þjófnaðinn strax til lögregluvalda.
- 16.2 Verði algert tjón á dráttarvélinni ræður félagið hvort það:
 - 16.2.1 Greiði váttryggingarverðmæti dráttarvélarinnar gegn afsali.
 - 16.2.2 Greiði mismun á váttryggingarverðmæti og verðmæti dráttarvélarinnar eftir váttryggingar-atburð.
 - 16.2.3 Útvegi aðra dráttarvél sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega aðra dráttarvél hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi váttryggingartaka fyrir hinni skemmdu dráttarvél.

17. Bætur fyrir tjón að hluta

- 17.1 Skemmist dráttarvélina án þess að skilyrði 16. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við dráttarvélinna að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að hún sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
- 17.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- 17.3 Félagið bætir ekki lækun á markaðsverði dráttarvélarinnar, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

18. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

19. Tvítrygging

- 19.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 19.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 19.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

20. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 24. nóvember 2008.